

Lög Foreldrafélags Árskóla

1. gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Árskóla.

2. gr.

Heimilisfangið er Árskóli v/Skagfirðingabraut.

3. gr.

Markmið félagsins er að:

- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla og uppeldismál.
 - standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.
 - efla tengsl heimila og skóla.

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að:

- kjósa fulltrúa í skólaráð samkvæmt reglum félagsins.
- skipuleggja og halda utan um starf bekkjarfulltrúa í hverjum bekk.
- standa að upplýsingamiðlun til foreldra m.a. með útgáfu fréttabréfs á heimasíðu skólans ásamt birtingu fundargerða.
- veita skólayfirvöldum lið svo að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði sem bestar.
- taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög, svæðisráð Skagafjarðar og landssamtök foreldra.
- styðja og efla hverja þá starfsemi sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans.
 - kjósa einn fulltrúa í skólaráð á aðalfundi.

5. gr.

Félagsaðild

Stjórn félagsins skipa sjö foreldrar/forráðamenn, æskilegt er að einn af þeim sé foreldri og starfsmaður skólans. Aðrir stjórnarmenn skulu vera úr hópi foreldra, æskilegt er að tveir séu frá hverju stigi (yngsta,- mið,- efsta stig).

Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn á aðalfundi, þrír stjórnarmenn annað árið og fjórir hitt árið. Formaðurinn skal kosinn sérstaklega á aðalfundi.

Auk formanns skal stjórnin skipuð varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum sem skipaðir eru á fyrsta stjórnarfundi.

Aldrei skulu fleiri en fjórir ganga úr stjórn í einu.

Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundi þegar þurfa þykir.

6. gr.

Bekkjarfulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins sem setur þeim starfsreglur. Bekkjarfulltrúar eru skipaðir til eins árs í senn. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna innan hvernar bekkjardeildar með samstarfi við umsjónarkennara.

Stjórn foreldrafélagsins fundar með tengiliðum tvisvar á ári, í september og janúar.

7. gr.

Aðalfundur skal haldinn í maí ár hvert og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

8. gr.

Stjórn foreldrafélagsins skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

9. gr.

Stjórn foreldrafélagsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefnda.

10. gr.

Árgjald félagsins er ákveðið árlega á aðalfundi og skal innheimt af banka.

11. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í þágu nemenda og skóla.

12. gr.

Ákvörðun um slit félagsins verður tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta og renna eignir þess til Árskóla.

13. gr.

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi, enda sé það tilkynnt í fundarboðum með minnst viku fyrirvara.